

FW: Málefni St. Jósefsspítala

Til : Eyjólfur Sæmundsson;Margrét Gauja Magnúsdóttir;Sigríður Björk Jónsdóttir;Rósa Guðbjartsdóttir;Kristinn Andersen;Gunnar Axel Axelsson

Frá : Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

CC : Kristján Sturluson;Jóna Ósk Guðjónsdóttir

Heiti : FW: Málefni St. Jósefsspítala

Málsnúmer : 1212080

Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður

Skráð dags : 27.02.2014 08:36:46

Höfundur : Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Með kveðju,
Guðrún Ágústa

GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR
BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | www.hafnarfjordur.is

image001.png

From: kristjan.juliusson@vel.is [mailto:kristjan.juliusson@vel.is]
Sent: 26. febrúar 2014 18:34
To: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Subject: Málefni St. Jósefsspítala

Heil og sæl

Í framhaldi af bréfaskriftum og síðan fundi okkar 15. janúar sl. þar sem málefni St. Jósefsspítala voru m.a. rædd, finnst mér rétt að upplýsa þig sem bæjarstjóra um að velferðarráðuneytið hefur beint þeim tilmælum til Fasteigna ríkisins að auglýsa húsnæði St. Jósefsspítala til sölu. Hugmyndir um bjóða húsnæðið til leigu eru ekki raunhæfar að mati umráðanda eignarinnar þ.e. Fasteigna ríkisins, sem telja að ríkið eigi ekki að standa í útleigu húsnæðis til þriðja aðila, með þeim hætti.

Eins og bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði er kunnugt er forræði húsnæðisins ekki í höndum velferðarráðuneytisins og hefur ekki verið frá því að ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna ákvað að hætta allri heilbrigðisstarfsemi í húsnæðinu. Engu að síður hefur velferðarráðuneytið allt frá þeim tíma leitað leiða til þess að finna húsnæðinu einhver not. jafnt innan ríkiskerfisins sem á einkamarkaði.

Ég á von á því að Fasteignir ríkisins hefji undirbúning að því að auglýsa fasteignir St. Jósefsspítala til sölu innan skamms. Ég hef óskað eftir því að sá undirbúningur og framkvæmd sölunnar verði eðli máls samkvæmt í samvinnu við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði, sem eru meðeigandi ríkisins.

Ég óska eftir því að þú gerir bæjarfulltrúum í Hafnarfirði grein fyrir þessari stöðu mála.

Með bestu kveðjum

Kristján Þór Júlíusson

Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra / Minister of Health
Velferðarráðuneytið / Ministry of Welfare
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, IS-150 Reykjavík, Iceland

Sími / tel.: (354) 545 8100, fax: (354) 551 9165,
postur@vel.is / velferdarraduneyti.is

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)